

1. fundur stjórnar Þekkingarsetursins Nýheima 6. júní kl. 13:00 – Nýheimum, Höfn í Hornafirði

Mætt voru:

Ragnhildur Jónsdóttir, formaður stjórnar
Eyjólfur Guðmundsson, varaformaður stjórnar
Árdís Erna Halldórsdóttir, Austurbrú
Tinna Björk Arnardóttir, NMÍ
Vala Garðarsdóttir, Menningarmiðstöð Hornafjarðar
Fanney Björg Sveinsdóttir, SASS, ritaði fundargerð
Inga Rósa Ingvarsdóttir, staðgengill Vigfúsar, Matís

1. Erindi til menntamálaráðuneytisins

Ragnhildur Jónsdóttir lagði fram uppkast að bréfi. Rætt um hvort fylgja eigi bréfi eftir með fundi í ágúst. Engar efnislegar athugasemdir gerðar við bréfið. Ragnhildur hefur samband við Þórarín Sólmundsson hjá menntamálaráðuneytinu.

2. Val á löggiltum endurskoðanda stofnunarinnar

Eyjólfur lagði fram gögn. Barði hjá Bókhaldsstofunni gaf Eyjólfvi tilboð fyrir 60.000-80.000 kr. KPMG svaraði ekki þessari tilboðsfyrirspurn. Ákveðið að ganga til samninga við Bókhaldsstofuna. Einnig var rætt um að fá að fylgja með bænum í reikningagerð í framtíðinni og verður það skoðað á næsta ári.

3. Opnun bankabókar og stofnun fyrirtækjabanka (heimabanka)

Ákveðið var að stofna bankareikning í Sparisjóði Hornafjarðar. Ragnhildur Jónsdóttir formaður stjórnar og Davíð Kjartansson gjaldkeri hafa umboð til þess, sem og að stofna fyrirtækjabanka fyrir þekkingarsetrið.

Samþykkt.

4. Húsvarsla og þrif

Rætt um að setjast niður með húsvörðum og fara gegnum í hreingerningarmál með þeim. Ragnhildur og Eyjólfur ætla að gera það.

5. Mötuneyti/veitingasala

Rekstraraðili veitingasölnunnar í Nýheimum hefur sagt upp samningi sínum um veitingasölu frá og með 1. október næstkomandi. Eyjólfur vildi vekja athygli á þessu og nefndi þann möguleika Þekkingarsetrið Nýheimar tæki að sér skipulagningu veitingasölnunnar í stað FAS, Háskólasetursins og Sveitarfélagsins.

6. Heimasíðan - www.nyheimar.is

Árdís kannaði málið og lénið er í eigu Hátíðni. Ræðir við Sveinbjörn um framhaldið og mögulegan kostnað við að Þekkingarsetrið Nýheimar taki lénið yfir.

7. Sameiginleg móttaka, símsvörun o.fl.

Rætt um að það vanti móttöku í Nýheima. Nefnt að sameiginleg móttaka gæti verið í móttöku bókasafnsins/menningarmiðstöðvarinnar. Stefnt að því að teikna þetta upp í ágúst.

8. Samvinna við stofnanir sem ekki eru stofnaðilar, t.d. BSSL

Eyjólfur vildi vekja athygli á þessu og þetta var rætt.

9. Önnur mál

9.1 Fundargerðarform

Ákveðið að fundargerð verði færð í tölvu á fundum, hver grein lesin upp í hvert skipti og fundarmenn samþykki og gefi athugasemdir. Fundargerð prentuð út í lok fundar og fundarmenn skrifa stafina sína á þarnefnda fundargerð. Vitnað í fundinn í fundargerðarbók.

9.2 Rúmeníuverkefnið

Vorum of sein í að sækja um þessa umsókn sem rætt var um á stofnfundinum. Þessir aðilar ætla að reyna að finna fé fyrir verkefni í öðrum sjóðum.

9.3 Stofnskjál

Beðið eftir frumriti stofnskjals.

Fundi slitið kl. 14.25

Ragnhildur Jónsdóttir
Eyjólfur Guðmundsson
Árdís Erna Halldórsdóttir
Tinna Björk Arnardóttir
Vala Garðarsdóttir
Fanney Björg Sveinsdóttir
Inga Rósa Ingvarsdóttir

